

RÍKISENDURSKOÐUN

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Endurskoðun 2021

Endurskoðunarskýrsla

September 2022

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Sýslumannsins á Suðurlandi fyrir árið 2021.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi embættisins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur embættisins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.


Ársreikningur Sýslumannsins á Suðurlandi var síðast endurskoðaður 2017 vegna ársins 2016.

Efnisyfirlit


Inngangur	2
1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2021	4
2 Ábendingar og athugasemdir	5
3 Áhættumat og mikilvægi	6
4 Fjárveiting og rekstur	7
4.1 Fjárveitingar	7
4.2 Rekstraráætlun	7
4.3 Niðurstæða	8
5 Innra eftirlit	9
5.1 Inngangur	9
5.2 Umfjöllun	9
5.3 Niðurstöður/ábendingar	9
6 Fylgni við lög og reglur	10
6.1 Inngangur	10
6.2 Umfjöllun	10
6.3 Niðurstöður	10

7 Endurskoðun rekstrarliða	11
7.1 Rekstrartekjur	11
7.2 Rekstrarkostnaður	11
7.3 Niðurstöður	11
8 Endurskoðun efnahagsliða	12
8.1 Efnahagsreikningur	12
8.2 Eignir	12
8.3 Eigið fé og skuldir	12
8.4 Vörslufé	13
8.5 Niðurstöður/ábendingar	13
9 Önnur atriði	14
9.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf	14
9.2 Óhæðisyfirlýsing	14

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2021



Eigið fé í lok árs í m.kr.



2 Ábendingar og athugasemdir

Endurskoðun Sýslumannsins á Suðurlandi fyrir árið 2021 er lokið. Eftirfarandi athugasemdir komu fram við endurskoðunina. Annars vegar er nauðsynlegt er að skráðar verði verklagsreglur um launavinnslu, bókhald og aðrar fjárreiður, þar sem ábyrgðasvið og heimildir séu skilgreindar m.t.t. aðgreiningar starfa. Hins vegar er einnig nauðsynlegt að fylgjast með stöðu vörslufjár með reglubundnum hætti og gera upp þegar málum er lokið.

Vísað er í einstaka kafla skýrslunnar varðandi aðrar ábendingar.

3 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Sýslumannsins á Suðurlandi eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Sýslumanninum á Suðurlandi sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 7 milljónir króna. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan 6 Sýslumaðurinn á Suðurlandi – Endurskoðunarskýrsla 2021

lesenda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemdir og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

4 Fjárveiting og rekstur

4.1 Fjárveitingar

4.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til Sýslumannsins á Suðurlandi vegna rekstrar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2021 nam 301,3 m.kr. Þar var gert ráð fyrir 41,8 m.kr. rekstrartekjum og 259,5 m.kr. beinu framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar fékk embættið millifært af fjárlagalið 06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta samtals 31,9 m. kr. og er um er að ræða fjárveitingu til styrkingar á rekstri embættisins og ákveðinna þátta í rekstri þess. Þá fékk embættið 2,5 m.kr. úr almennum varasjóði vegna endurmats launa. Tekjufærsla frestaðra tekna vegna afskrifta nam 1,6 m.kr. Endanlegt framlag úr ríkissjóði fyrir árið 2021 nam því 295,5 m.kr.

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2021

Í þús. kr.	Fjárveiting 2021	Rekstur 2021	Frávik 2021	Rekstur 2020
Rekstrartekjur	-41.800	-62.391	20.591	-54.500
Launagjöld	269.450	258.295	11.155	253.232
Önnur rekstrargjöld	66.200	87.594	-21.394	69.472
Afskriftir	1.634	1.634	0	1.101
Samtals	295.484	285.132	10.352	269.304

Afkoma ársins hjá Sýslumanninum á Suðurlandi var jákvæð um 10,4 m.kr. á árinu en tekjur og önnur rekstrargjöld voru nokkuð hærri en áætlun gerði ráð fyrir en laun nokkuð lægri. Hækkun tekna skýrist aðallega af framlögum sem embættið fékk á árinu til ákveðinna verkefna en rekstrargjöld hækka jafnframt vegna þessara verkefna. Rekstur ársins 2021 hækkar um 15,8 m.kr. frá fyrra ári.

4.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Sýslumaðurinn á Suðurlandi fékk 1,9 m.kr. fjárveitingu til fjárfestingar eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2021. Eignakaup embættisins námu 2,4 m.kr. á árinu 2021. Staða fjárfestingarframlags var neikvæð um 0,4 m.kr. í upphafi árs en að teknu tilliti til eignkaupa ársins var staða fjárfestingarframlags í árslok 2021 neikvæð um 0,8 m.kr.

4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 2021 og var hún færð inn í Orra.

4.3 Niðurstaða

Eftirfarandi niðurstöður komu fram varðandi fjárveitingar og rekstur embættisins:

Á árinu var 10,4 m.kr. rekstrarafgangur hjá embætti Sýslumannsins á Suðurlandi. Uppsafnaður höfuðstóll var 12,4 m.kr. í lok árs 2021. og staða fjárfestingarframlags var 0,8 m.kr. umfram fjárfestingarheimildir í lok árs 2021. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins (Orra).

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Sýslumaður ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá embættinu. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

5.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti embættisins voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla og reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Skipurit er ekki til fyrir embættið. Ekki eru skráðar verklagsreglur um launvinnslu og ýmis mannauðsmál en skipulegu verklagi er fylgt, viðvera starfsmanna er skráð í vinnustund. Launavinnsla er unnin hjá Fjársýslu ríkisins. Fjármálastjóri skoðar launavinnslu mánaðar og sýslumaður sendir gögnin til Fjársýslu. Embætti Sýslumanns á Suðurlandi hefur hlotið jafnlaunavottun og fylgja þar m.a. verklagsreglur um launasetningu. Afstemmingar eru gerðar reglulega milli banka og bókhalds. Ekki eru skráðir verkferlar um bókhald og aðrar fjárreiður en skiplögðu verkferli fylgt og aðgreining starfa milli bókhalds og greiðslu. Ríkisendurskoðun bendir á m.t.t. aðgreiningar starfa að skrá þarf

niður ábyrgðasvið, verkferla bókhalds og fjárreiða. Reikningar vegna rekstrargjalda eru samþykktir rafrænt af sýslumanni og fjármálastjóra. Reglulega er farið yfir rekstraráætlanir og rauntölur og brugðist við eftir atvikum. Afstemmingar eru gerðar reglulega. Við endurskoðun voru aðgangsheimildir starfsmanna embættisins í Orra og banka skoðaðar án athugasemda.

Geymslufjárreikningar (vörslufé) í umsjón embættisins er umtalsverðir og er fjallað sérstaklega um þá í kafla 8.

5.3 Niðurstöður/ábendingar

Fjölmarginir þættir eru til staðar hjá Sýslumanninum á Suðurlandi sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi fjármál embættisins. Eftirfarandi athugasemd er þó gerð varðandi innra eftirlit:

Nauðsynlegt er að skráðar verði verklagsreglur um launavinnslu, bókhald og aðrar fjárreiður, þar sem ábyrgðasvið og heimildir séu skilgreindar m.t.t. aðgreiningar starfa.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur embættisins hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4. Eftirfarandi þætti voru skoðaðir sérstaklega.

6.2 Umfjöllun

6.2.1 Ferðakostnaður

Lítill ferðakostnaður var hjá embættinu á árinu og er reglum um greiðslu, bókun og samþykkt vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt.

6.2.2 Risna

Risnureikningar voru skoðaðir án athugasemda.

6.2.3 Opinber innkaup

Embættið hefur ekki formlega innkaupastefnu og eru innkaup ekki hár rekstrarliður hjá embættinu. Embættið nýtir sér þjónustu Ríkiskaupa þar sem það á við.

6.2.4 Innkaupakort

Engin innkaupakort eru í notkun hjá embættinu.

6.2.5 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færist til eignar á viðskiptareikningi stofnunar við ríkissjóð

6.3 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Sýslumaðurinn á Suðurlandi fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

7 Endurskoðun rekstrarliða

7.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Sýslumannsins á Suðurlandi árið 2021 námu 357,9 m.kr. samanborið við 337,2 m.kr. árið áður sem er aukning um 20,7 m.kr. milli ára. Rekstrartekjur skiptast þannig að fjárveiting nam 293,9 m.kr. og tekjufærsla frestaðra tekna nam 1,6 m.kr. Aðrar tekjur eru vegna auglýsinga í Lögbirtingablaðinu og námu 39,5 m.kr., seld þjónusta 7,8 m.kr. þar af er bókhaldsþjónusta sendiráða 5,6 m.kr. og áskrift að Lögbirtingablaðinu 2,4 m.kr. Framlög og ýmsar tekjur námu 12,8 m.kr. þar af eru 3,7 m.kr. frá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna sumarstarfa námsmanna, 4,8 m.kr. vegna kostnaðar við alþingiskosningar árið 2021 og 1,6 m.kr. vegna húsaleigu.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og skoðun fylgiskjala. Endurskoðun rekstrartekna er án athugasemda.

Innheimta ríkistekna fer fram í gegnum TBR kerfið og renna þær tekjur beint í ríkissjóð og er ekki sérstaklega til skoðunar í þessari endurskoðun.

7.2 Rekstrarkostnaður

Rekstrargjöld embættisins árið 2021 námu 251,6 m.kr. samanborið við 237,6 m.kr. árið áður sem er aukning um 14,0 m.kr. á milli ára.

7.2.1 Launakostnaður

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður nam 258,3 m.kr. á árinu 2021 en voru 253,2 m.kr. árið áður sem er aukning um 5,0 m.kr. Ársverk hjá embættinu fyrir árið 2021 voru 26,6 en voru 27,8 árið 2020. Að teknu tilliti til fækkunar ársverka nam hækkun launakostnaðar 6% milli ára.

Við endurskoðun í úrtaki sjö ráðningasamninga starfsmanna kom í ljós að í tveir ráðningasamningar voru ekki til staðar og staðfestingu á útborguðum launaflokkum vantaði í fimm tilvikum. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda er ástæðan sú að við sameiningar sýslumannsembætta á Suðurlandi voru viðkomandi gögn vistuð í geymslu embættanna og hefur ekki verið farið í þá vinnu að flokka og vista viðkomandi skjöl.

Endurskoðun launagjalda fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum, fyrirspurnum og skoðunar á ráðningarsamningum og öðrum gögnum til staðfestingar á útborguðum launum og er án athugasemda, en bent er á að æskilegt væri að uppfæra skjölun ráðningarsamninga og launagagna til samræmis við útborguð laun.

7.2.2 Önnur rekstrargjöld

Annar rekstrararkostnaður nam 87,6 m.kr. árið 2021 en var 69,5 m.kr. árið áður sem er hækkun um 18,1 m.kr. Helstu kostnaðarliðir voru rekstrarvörur 6,4 m.kr., aðkeypt þjónusta 42,5 m.kr., húsnæðiskostnaður 36,5 m.kr. og annar rekstrarkostnaður nam 2,2 m.kr.

Afskriftir námu 1,6 m.kr. á árinu 2021.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

7.3 Niðurstöður

Endurskoðun rekstrarliða embættisins er án athugasemda en bent er á að æskilegt væri að uppfæra skjölun ráðningarsamninga og launagagna til samræmis við útborguð laun.

8 Endurskoðun efnahagsliða

8.1 Efnahagsreikningur

Í árslok 2021 námu eignir 144,5 m.kr., skuldir námu 132,1 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 12,4 m.kr.

8.2 Eignir

Eignfærsla fastafjármuna hefur verið gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignaskrákerfi Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna.

8.2.1 Fastafjármunir

Fastafjármunir námu 7,1 m.kr. í árslok 2021 en voru 6,3 m.kr. í árslok 2020. Fastafjármunir samanstanda að mestu að skrifstofubúnaði, tölvum, tækjum og áhöldum. Staða fastafjármuna er í samræmi við stöðu í eignarskrá kerfi Orra (FA) í árslok 2021.

8.2.2 Veltufjármunir

Veltufjármunir í árslok 2021 námu 137,4 m.kr. samanborið við 86,7 m.kr. í árslok 2020 sem er aukning um 50,7 m.kr. Veltufjármunir samanstanda af kröfum vegna tengdra aðila 121,8 m.kr., viðskiptakröfum og öðrum kröfum 10,8 m.kr. og handbæru fé 4,8 m.kr.

Kröfur vegna tengdra aðila í árslok 2021 skiptast þannig að 98,3 m.kr. eru vegna inneignar hjá ríkissjóði, 21,8 m.kr. vegna áfallinnar orlofsskuldbindingar og 1,6 m.kr. vegna krafna við aðrar A-hluta stofnanir. Orlofsskuldbinding var færð árið 2017 sem áfallin skuldbinding í upphafi þess árs samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

Aðrar kröfur námu 10,8 m.kr. í árslok 2021 en að stærstum hluta er um er að ræða inneign vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatts 4,9 m.kr. og útistandandi kröfur vegna rekstrartekna sem innheimtar eru í gegnum TBR 3,4 m.kr. Við endurskoðun viðskiptakrafna og annarra krafna voru móttæknar greiðslur á ársbyrjun 2022 yfirfarnar án athugasemda en bent er á að gera þarf upp eldri stöðu meðal annarra krafna að fjárhæð 0,8 m.kr. með viðeigandi hætti. Krafan er tilkomin vegna mistalningar í sjóði.

Handbært fé nam 4,8 m.kr. í árslok 2021 en var 7,9 m.kr. í árslok 2020. Handbært fé samanstendur af sjóði og innistæðum á 4 bankareikningum hjá Arion banka og Landsbankanum. Sjóður nam 0,3 m.kr. og eru sjóðtalningar fyrirbyggjandi í árslok 2021.

Ríkisendurskoðun sendi beiðni til fjögurra bankastofnanna um staðfest yfirlit um viðskipti við embættið og bærust svör við því. Bókhaldi bar saman við staðfest yfirlit hjá bankastofnununum í árslok 2021 að teknu tilliti til óbókfærðar innborgunar í árslok 2021. Vörslufé (geymslufjárreikningar) eru færðir í bókhald embættisins en koma ekki fram í ársreikningi. Gert er grein fyrir þeim í skýringum ársreiknings og fjallað er nánar um vörslufé í kafla 8.4.

8.3 Eigið fé og skuldir

8.3.1 Eigið fé

Höfuðstóll Sýslumanns Suðurlands í árslok 2021 nam 12,4 en var 2,4 m.kr. í árslok 2020. Breyting á höfuðstól nemur 10,0 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2021 að frádreginni breytingu á árslokastöðu fyrra árs

samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins að upphæð 330.159 kr.

8.3.2 Skuldir

Skuldir námu 132,1 m.kr. í árslok 2021 samanborið við 90,6 m.kr. í árslok 2020 eða hækkun um 41,5 m.kr. milli ára.

Skuldir í árslok 2021 samanstanda af stöðu við tengda aðila 74,2 m.kr., viðskiptaskuldum 13,2 m.kr., ýmsum skammtímaskuldum 38,5 m.kr. og frestun tekjufærslu fjárfestingarheimildar 6,2 m.kr. Skuld við tengda aðila skiptist þannig að 72,5 m.kr. eru skuld við fjármála- og efnahagsráðuneyti vegna innheimtu ríkistekna í TBR og 1,7 m.kr. eru skuldir við aðrar A-hluta stofnanir. Ýmsar skammtímaskuldir skiptast þannig að 30,3 m.kr. eru vegna orlofsskuldbindinga og 8,1 m.kr. eru vegna annarra ógreiddra gjalda.

Viðskiptaskuldir voru yfirfarnar án athugasemda. Engin munur var á stöðu ógreiddra gjalda í AP og GL í árslok 2021.

8.4 Vörslufé

Vörslufjárreikningar eru færðir í bókhaldi Sýslumannsins á Suðurlandi. Vörslureikningar skiptast í almenna geymslureikninga þar sem fjármunir eru geymdir sem sýslumaður innheimtir í kjölfar nauðungasölu á fasteignum eða lausafé, geymslureikninga dánarbúa þar sem geymdir eru fjármunir vegna dánarbúa og geymslureikningar tryggingafé þar sem geymdir eru fjármunir vegna bráðabirgðaþjófgerða, þ.e. kyrrsetninga, löggeymslna og lögbanna. Samkvæmt ákvörðun Fjársýslu ríkisins eru geymslufjárreikningar ekki hluti af reikningsskilum stofnana en þeirra getið í skýringum með handbæru fé. Vörslufjárreikningar í umsjá embættisins námu 36,0 m.kr. í árslok 2021 eins og fram kemur í skýringu um handbært fé í reikningsskilum stofnunar, samanborið við 30,8 m.kr. í árslok 2020. Vörslufjárreikningar embættisins í lok árs 2021 voru 17 þar af voru 4 hjá Landsbankanum og 13 hjá Arion banka. Við endurskoðun kom í ljós að tveir vörslureikningar hafa

verið í vörslu embættisins í töluvert langan tíma. Bendir Ríkisendurskoðun á þörf er á að fylgjast með stöðu vörslureikninga með reglubundnum hætti og gera þá upp þegar málum er lokið.

Ríkisendurskoðun sendi staðfestingabréf á fjóra banka þar sem beðið var um upplýsingar um bankareikninga í umsjón embættis Sýslumannsins á Suðurlandi og bárust svör frá öllum bönkum.

Staðfestu yfirliti banka bar saman við stöðu geymslufjárreikninga í bókhaldi stofnunar nema í einu tilviki þar sem staða í banka er kr. 6.011 kr. hærrí en í bókhaldi.

8.5 Niðurstöður/ábendingar

Eftirfarandi athugasemdir og ábendingar eru gerðar vegna efnahagsliða hjá embættinu:

Meðal annara krafna er eldri staða vegna mistalningar í sjóði sem gera þarf upp með viðeigandi hætti.

Gerð er athugasemd vegna vörslufjár en fylgjast þarf með stöðu vörslufjár með reglubundnum hætti og gera upp þegar málum er lokið. Fara þarf yfir og leiðrétta stöðu eins vörslufjárreiknings þar sem mismunur er á stöðu í banka og fjárhagsbókhaldi í lok árs.

9 Önnur atriði

9.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf

Sýslumaðurinn á Suðurlandi undirritaði ársreikning embættisins 29. júní 2022. Jafnframt var staðfestingarbréf stjórnenda vegna ársreiknings undirritað sama dag.

9.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Sýslumanninum á Suðurlandi.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is